



1.2. Allir eiga rétt á...

Að læra um réttindi og skyldur

Markmið

Að nemendur velti fyrir sér réttindahugtakinu og hvað það þýðir að hafa réttindi.

1 UNDIRBÚNINGUR

Blað og blýantur fyrir hvern nemanda. Tússtafla og töflutúss. Aðgangur að internetinu eða eintök af mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

2 KVEIKJA

Kveikja er ekki nauðsynleg í þessu verkefni þar sem það sjálft er ágæt kveikja.

3 FRAMKVÆMD VERKEFNIS

1. Hópurinn veltir fyrir sér orðinu réttindi og merkingu þess. Nemendur eru hvattir til að ræða hvaða réttindi fólk hefur. Hér gæti þurft að útskýra merkingu orðsins réttindi fyrir yngri nemendum.
2. Nemendur útbúa lista yfir það sem þau telja vera réttindi. Kennari hvetur nemendur til að hugsa ekki einungis um þeirra eigin réttindi heldur einnig um réttindi fólks sem býr annars staðar í heiminum.
3. Þegar listarnir eru tilbúnir safnar kennari atriðunum saman á töfluna í einn heildstæðan lista.
4. Með eldri nemendum er því næst hægt að bera heildarlista nemenda saman við [mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna](#). Ef listi nemenda inniheldur atriði sem ekki eru í mannréttindayfirlýsingunni þurfa þeir að rökstyðja af hverju atriðið ætti að vera með á listanum. Samanburður við mannréttindayfirlýsinguna gæti reynst of erfitt viðfangsefni fyrir yngri nemendur. Kennari gæti því einfaldað hana eða þá sleppt því að nota hana. Í staðinn væri þá hvert atriði á listanum rætt og nemendur rökstyðja af hverju atriðið á heima á heildarlistanum.

4 ÍGRUNDUN

Líklegt er að mikil umræða skapist á meðan verkefninu stendur og eftir að því lýkur. Mikilvægt er að allir þátttakendur gangi sáttir frá verkefninu og skilji afstöðu þeirra sem þeir eru ósammála. Kennari þarf að gæta þess að leiðrétta þær rangfærslur sem koma upp í umræðum. Einnig er gott fyrir hann að gefa verkefninu líf með því að vísa í raunveruleg dæmi um mannréttindabrot. Hægt er að ljúka þessu verkefni með því að ræða við nemendur um það sem þeir lærðu af æfingunni. Ræðið eftirfarandi punkta:

1. Hvað kom þér mest á óvart?
2. Lærðir þú eitthvað af þessu verkefni?
3. Hvaða punktar þóttu þér áhugaverðastir?
4. Haldið þið að öll börn á Íslandi njóti sömu réttinda? Af hverju, af hverju ekki?



Dæmi um lista

Allir eiga rétt á...

1. næði
2. nóg af mat og vatni
3. fjölskyldu og vinum til stuðnings
4. sinni eigin skoðun
5. fötum
6. stað til að búa á
7. menntun
8. lyfjum
9. vináttu
10. öryggi
11. tómstundum
12. foreldrum eða forráðamönnum